

um frv. til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

Nefndin felst á ástæður stjórnarinnar fyrir því, að nauðsyn sje að stofna vjelstjóraskóla í Reykjavík nú þegar. Þörf á vel færum vjelstjórum er orðin mikil, og horfur á, að hún fari mjög vaxandi.

Nefndin vill gera nokkrar breytingar á frumvarpinu. Alt eru það orðabreytingar nema ein, og snertir hún ekki aðeins þetta frv., heldur og frumvarpið um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, sem nefndin hefir einnig haft til meðferðar.

Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við það frv., er ágreiningur um það, hvort þeir, sem fengið hafa vjelstjóraskirteini eftir hinum eldri lögum, skuli — eftir að lögín um vjelgæslu á íslenskum skipum gengi í gildi — öðlast rjett til vjelstjórnar á skipum, hversu stór sem eru, eða njóta að eins þess rjettar, er þeir eiga samkvæmt eldri lögum.

Nefndin telur varhugavert, að veita þessum mönnum rjett til vjelstjórnar, á hvaða skipi sem er, til jafns við þá, sem öðlast réttinn með því, að fullnægja hærri kröfum. En hins vegar vill hún gera þeim svo auðgert, að öðlast rjettinn, sem verða má, án þess að veikt sje tryggingin fyrir því, að þeir megi með hann fara.

Hún leggur því til, að þessum mönnum verði leyft að taka vjelstjórapróf, án þess að fullnægja kröfum þeim, er settar eru í 1. og 2. tölulið 4. gr. í lögum þessum. Þetta telur nefndin hættulaust, og styðst þar við skoðun vjelfræðiskennarans við stýrimannaskólann. Og það skiftir sýnilega miklu fyrir fullorðna menn, sem vilja verða og eru færir um, að verða vjelstjórar á stórskipum, að þurfa ekki að eyða 3 árum til að læra járnsmíði, heldur að eins örstuttum tíma, til að taka próf.

Nefndin var ekki öll á eitt sátt um öll atriði, og mun hver nefndarmanna gera grein fyrir sínum ágreiningi.

En meiri hlutinn ræður háttv. deild, til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.

Fyrir »gefa«, í 1. málsgr., komi:
gera.

2. Við 2. gr.

a. Fyrir »útheimtist«, í upphafi gr., komi:
þarf.

b. Fyrir »stilling«, í 6. lið, 6. línu, komi:
stelling.

c. Fyrir »vatnsþjett«, í 6. lið 7. og 8. línu, komi:
vatnsheld.

d. Fyrir »bifvjelum«, síðast í 6. lið, komi:
mótorum.

3. Við 4. gr.

a. Upphaf gr. orðist svo:

Sá einn má ganga undir vjelstjórpróf, er:

1. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmiðjum, er Stjórnarráðið tekur gildar.

2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sinum, o. s. frv.

b. Fyrir »hlutaðeiganda«, í næst síðustu málsgr., komi: umsækjanda.

c. Fyrir »umsækjandi«, í síðustu málsgr., komi: hann.

d. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi, til að vera undirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjórprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar.

4. Við 6. gr.

a. Fyrir »útheimtist«, í fyrri málsgr., komi: krafist er.

b. Fyrir »löguð«, í síðari málsgr., komi: ætluð.

Efri deild Alþingis, 27. júlí 1915.

Eiríkur Briem,
formaður.

Karl Finnbogason,
framsögum.

Karl Einarsson,
ritari.

Kristinn Daníelsson.

H. J. Kristófersson.